

Nánari útfærsla á agaferli Setbergsskóla

Agافرill SMT er virkjaður þegar nemandi fer ekki eftir reglum skólans.

1. stig: Brot á skólareglu: Minni háttar atvik þar sem starfsfólk skólans tekur strax á málum. Starfsfólk minnir á skólareglu og gefur skýr fyrirmæli, setur orð á reglu. Á þessu stigi eru atvik ekki skráð í Mentor.

Dæmi: „Verum tilbúin með námsgögn“. Nemandi fer eftir fyrirmælum og málið er leyst.

Dæmi um hegðun á 1. stigi:

hjólar á leikvelli – er með tiggjó – gengur ekki frá – slæm umgengni – hlaup á göngum – vinnu r ekki í tíma – truflar kennslu – hrekkir og stríðni – ljótt orðbragð
truflar aðra við vinnu eða leik – ókurteisi gagnvart starfsfólki eða nemendum –
án heimavinnu – skáparáp – óþarfa hlutir í skóla

Afleiðingar á 1. stigi: Nemendur fá tital og ráðleggingar til að bæta hegðun. Hlutur tekinn af nemanda (þegar við á) og foreldri/forráðamaður sækir hann í skólann.

2. stig: Verði starfsfólk vart við endurtekin brot á 1. stigi, það er ef nemandi bætir ekki hegðun við tital, er atvik skráð á skráningarblað sem 2. stigs brot. Atvikið er skráð í dagbókarhluta Mentor. Skráningarmiði er settur í hólf umsjónarkennara viðkomandi nemanda sem heldur saman skráningum fyrir sinn umsjónarhóp. Mikilvægt er að fylla í alla reiti bæði á skráningarmiða og í Mentor. Ef annar en umsjónarkennari skráir færsluna skal hann haka við að senda tilkynningu um hana til umsjónarkennara, ekki er hakað við „birta foreldrum“. Þegar færslur um agabrot eru skráðar er mikilvægt að lýsing á atvikum sé hlutlaus og ekki gildishlaðin (sjá kafla 12 um skráningar í Mentor).

Dæmi um hegðun á 2. stigi:

fer ekki eftir fyrirmælum – hrekkir – ljótt orðbragð – minni háttar atvik
slagsmál/stimpingar – truflar kennslu – truflar aðra við vinnu eða leik – vinnur
ekki - annað

SMT – skráning: Skráningarmiði er gefinn þegar nemandi hunsar reglur eða fyrirmæli. Agaferlinn SMT er hafður til hliðsjónar þegar skráningarmiði er gefinn.

1. Fyrirmæli

„Verum tilbúin með námsgögn“

– **Bíða í 10 sekúndur** –

2. Fyrirmæli endurtekin

Ef nemandi fer ekki eftir fyrirmælum er það skráð

„Vertu tilbúin/n með námsgögn strax eða ég skrifa skráningu“

– **Bíða í 10 sekúndur** –

3. Orð á hegðun

„Þetta er ekki að fylgja fyrirmælum, nú þarf ég að skrifa skráningarmiða“

Afleiðingar á 2. stigi:

Reglan yfirfarin með nemanda af umsjónarkennara eða þeim sem vinnur með nemanda þegar atvikið á sér stað. Sá starfsmaður kallar nemanda til sín samdægurs eða næsta dag og rifjar upp með honum regluna og leiðbeinir um viðeigandi hegðun. Umsjónarkennari hefur samband við foreldra/forráðamenn eftir fjögur agabrot og skráir í dagbók nemanda að haft hafi verið samband heim. Umsjónarkennari boðar foreldra/forráðamenn til fundar eftir sex agabrot og er deildarstjóri og/eða námsráðgjafi þá hafður með í ráðum eftir þörfum. Lausn fundin og nemandi aðstoðaður við að leiðrétta hegðun.

Dæmi um íhlutun á 2. stigi:

- Nemandi bætir tjón sem hann veldur af ásetningi.
- Nemandi fær ekki að fara í frímínútur.
- Nemandi fær uppbótarverkefni.
- Samningur/skólakort.
- Nemandi missir ákveðin forréttindi.
- Máli vísað til lausnateymis.

3. stigs brot: Alvarleg hegðunarbrot

Alvarlegt ofbeldi eða brot sem ógna öryggi nemenda og/eða starfsfólki skólans. Síendurtekin truflun í kennslustund eða öðru skólastarfi. Dæmi um alvarleg hegðunarbrot eru ofbeldi, skemmdarverk, þjófnaður, vímuefnanotkun, vopnaburður, varsla hættulegra hluta, stöðug truflun í kennslustundum, hótanir, brunakerfi sett af stað, ástundun. Skráð í Mentor.

Afleiðingar á 3. stigi:

Nemandi fær skráningarmiða án viðvörunar. Máli er vísað til skólastjóra eða aðstoðarskólastjóra. Farið er eftir verkferlum um viðbrögð við alvarlegum brotum. Alltaf er haft samband við foreldra/forráðamenn. Foreldrar/forráðamenn eru boðaðir á fund með skólastjórnendum/ umsjónarkennara/námsráðgjafa eins fljótt og auðið er.

- Málið yfirfarið og áframhald ákveðið af umsjónarkennara/skólastjórnendum/námsráðgjafa.
- Lausn/leið fundin til úrbóta.

- Viðurlög ákveðin samkvæmt reglum 3. stigs brota.
- Atvik skráð í samráði við skólastjórnendur.
- Málið yfirfarið og áframhald ákveðið af skólastjórnendum og umsjónarkennara.

Dæmi um viðurlög á 3. stigi:

- Nemandi bætir tjón sem hann veldur af ásetningi.
- Nemandi vinnur utan bekkjar
- Vísað úr kennslu á meðan málið er tekið fyrir.
- Tímabundin brottvísun eða önnur úrræði fundin.
- Forréttindamissir.
- Hlutir gerðir upptækir.
- Máli vísað til nemendaverndarráðs.
- Mál tilkynnt til eineltis- og forvarnateymis.
- Mál tilkynnt til fjölskyldu- og barnamálasviðs.
- Mál tilkynnt til mennta- og lýðheilsusviðs.
- Mál tilkynnt til lögreglu.